

Afkvæmarannsóknir á nautum Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2016

Guðmundur Jóhannesson

Nú er lokið afkvæmaprófun nauta Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2016. Hér verður gefið yfirlit um nokkrar niðurstöður varðandi dætur þessara nauta og gerð grein fyrir öðrum niðurstöðum sem þegar liggja fyrir. Alls voru afkvæmarannsókuð 31 naut í árgangi 2015. Ellefu naut áttu syni í þessum árgangi. Flesta syni átti Gustur 09003 eða 8 talsins, Bambi 08049 átti sjö syni, Keipur 07054 átti fjóra syni, Bolti 09021 átti þrjú syni, Dynjandi 06024 og Flekkur 08029 áttu tvo syni hvor og loks áttu Toppur 07046, Blámi 07058, Gói 08037, Klettur 08030 og Þytur 09078 hver sinn soninn. Einkenni þessa nautaárgangs er breytileiki í flestum eiginleikum en þó verða afurðageta, sérstaklega efnahlutföll, og júgurgerð ásamt mjöltum og skapi að teljast koma vel út í heildina. Frá þessu eru þó nokkur frávik eins og oft vill vera.

Hér fylgja umsagnir um helstu einkenni dætrahópa nautanna:

Dynur 16002 frá Hvanneyri, Andakíl.

F: Dynjandi 06024, m: Jörð 1557, mf: Úranus 10081

Dætur Dyns eru afurðakýr þar sem fituhlutfall í mjólk liggur nærri meðallagi en próteinhlutfall nokkru hærra. Þetta eru fremur smáar kýr, í meðallagi háfættar, bolgrunnar og útlögulitlar en með sterka yfirlínu. Malirnar eru grannar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er sterkleg en þröng. Júgur eru aðeins veikbyggð, júgurfasta er góð en júgurband lítt áberandi og þau ekki nema meðalvel borin. Spenar eru fremur langir og grannir en prýðilega settir. Mjaltir eru slakar og nokkuð ber á seinum mjöltum og mismjöltum. Skapið er slæmt, nokkuð ber á skapgölluðum gripum og þessar kýr koma illa út í gæðaröð. Mikill meirihluti afkvæma Dyns er tvílitur þar sem mest ber á skjöldóttum lit. Af grunnlitum koma rauðir og kolóttir litir oftast fyrir þó alla liti nema gráa megi sjá. Ekki er þekkt að Dynur gefi hyrnd afkvæmi.

Dynur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Kaktus 16003 frá Engihlíð, Vopnafirði.

F: Bambi 08049, m: Sóley 619, mf: Þytur 09078

Dætur Kaktusar eru mjög mjólkurlagnar en hlutföll verðefna í mjólk eru lág. Þetta eru meðalkýr hvað stærð snertir, háfættar en hvorki boldjúpar né útlögumiklar. Yfirlína er mjög sterkleg. Malir eru grannar, nokkuð beinar og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerð er meðalgóð, júgurfasta fremur lítil en júgurband nokkuð áberandi. Spenar eru hæfilegir að lengd en nokkuð þykkir og ágætlega settir. Dætur Kaktusar eru undir meðallagi í mjöltum en mjaltagallar ekki áberandi. Skapið er neðan meðallag, aðeins ber á skapgölluðum gripum og kýrnar koma illa út í gæðaröð. Mikill meirihluti afkvæma Kaktusar er tvílitur þar sem skjöldóttur litur eru algengastur. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir langalgengastir þó allir litir komi fyrir. Ekki er þekkt að Kaktus gefi hyrnd afkvæmi.

Kaktus verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Kiljan 16005 frá Stúfholti 2 í Holtum.

F: Flekkur 08029, m: Nóbel 253, mf: Lögur 07047

Dætur Kiljans eru í meðallagi mjólkurlagnar með hátt próteinhlutfall í mjólk en fituhlutfall mjög nærri meðaltali. Þetta eru fremur smáar og í meðallagi háfættar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru grannar, beinar og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er fremur slök, júgurband lítt greinilegt og þau ekki nógu vel borin. Spenar eru langir, hæfilega þykkir og

vel settir. Mjaltir eru góðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er nokkuð gott og þær koma vel út í gæðaröð. Mikill meirihluti afkvæma Kiljans eru tvílit þar sem mest ber á hufóttum lit. Af grunnlitum eru bröndóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Kiljan geta komið hyrndir gripir.

Kiljan verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Knöttur 16006 frá Búvöllum, Aðaldal.

F: Bolti 09021, m: Læna 659, mf: Bambi 08049

Dætur Knattar eru góðar mjólkurkúr, mjólkurmagn nærri meðallagi en hlutföll verðefna í mjólk mjög há. Þetta eru meðalstórar kúr og fremur háfættar, nokkuð bolgrunnar og útlögulitlar með sterka yfirlínu. Malirnar eru frremur grannar, frekar beinar og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurband sérlega áberandi, festa mikil og þau mjög vel borin. Spenar eru hæfilega langir, nokkuð grannir en vel settir. Mjaltir eru góðar en fyrir koma seinmjólka kúr. Skap þessara kúa er gott og skapgallaðir gripir fáir. Mikill meirihluti afkvæma Knattar er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Knöttur gefi hyrnd afkvæmi.

Knöttur verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Álmur 16007 frá Svertingsstöðum 2, Eyjafirði.

F: Klettur 08030, m: Lena 522, mf: Glæðir 02001

Dætur Álms eru miklar mjólkurkúr, mjólkurmagn mikið og hlutföll verðefna í mjólk í góðu meðallagi. Þetta eru fremur smáar kúr, bolgrunnar, útlögulitlar með sterka yfirlínu og meðalháfættar. Malirnar eru nokkuð grannar, beinar og eilítið þaklaga. Fótstaða er sterkleg en aðeins þröng. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurband lítt áberandi, festa í meðallagi og þau nokkuð vel borin. Spenar eru frekar stuttir og þykkir og nokkuð gleitt settir. Mjaltir eru frábærar og mjaltagallar afar fátíðir. Skap þessara kúa er stórgott og skapgallaðir gripir mjög fáir í hópnum. Mikill meirihluti afkvæma Álms er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru bröndóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Álmi geta komið hyrndir gripir.

Álmur verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Bikar 16008 frá Stóru-Hildisey 2, Landeyjum.

F: Bambi 08049, m: Bolla 831, mf: Vindill 05028

Dætur Bikars eru góðar mjólkurkúr og fituhlutfall í mjólk er í góðu meðallagi en próteinhlutfallið nokkuð þar undir. Þetta eru meðalstórar kúr og í góðu meðallagi háfættar með góða boldýpt og útlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru grannar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurband sérlega áberandi, festa mjög mikil og þau afar vel borin. Spenar eru hæfilega langir, nokkuð grannir en vel settir. Mjaltir eru sérlega góðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er ákaflega gott og skapgallaðir gripir sjaldséðir í hópnum. Meirihluti afkvæma Bikars er einlitur og af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Af tvílitum ber mest á skjöldóttum. Ekki er þekkt að Bikar gefi hyrnd afkvæmi.

Bikar verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Varmi 16009 frá Egilsstaðakoti, Flóa.

F: Bambi 08049, m: Framför 664, mf: Ófeigur 02016

Dætur Varma sýna mjólkurafköst undir meðallagi en efnahlutföll í mjólk eru há. Þetta eru meðalstórar og meðalháfættar kýr, hvorki boldjúpar né útlögumiklar en með beina yfirlínu. Malirnar eru grannar, beinar og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurband nokkuð áberandi, festa fremur lítil og þau meðalvel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilegir að lengd og þykkt en gleitt settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi og mjaltagallar fátíðir. Skapi þessara kúa er ábótavant og þær koma illa út í gæðaröð. Stór meirihluti afkvæma Varma er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Varma geta komið hyrndir gripir.

Varmi verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Glámur 16010 frá Ytri-Tjörnum, Eyjafirði.

F: Toppur 07046, m: Bleik 840, mf: Ári 04043

Dætur Gláms eru í meðallagi mjólkurlagnar með nokkuð hátt fituhlutfall í mjólk en próteinhlutfall í meðallagi. Þetta eru meðalstórar og nokkuð háfættar kýr með boldýpt og útlögur í meðallagi og sterka yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og nokkuð flatar. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, meðalgott júgurband, festa undir meðallagi og þau í meðallagi borin. Spenar eru hæfilega langir, þykkir og aðeins gleitt settir. Mjaltir eru slakar og aðeins ber á seinum mjöltum. Skap þessara kúa er gott og þær kom allvel út í gæðaröðun. Mikill meirihluti afkvæma Gláms er tvílitur þar sem mest ber á húfóttum og krossóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Glámi geta komið hyrndir gripir.

Glámur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Jarfi 16016 frá Helgavatni, Þverárhlíð.

F: Bambi 08049, m: Valka 743, mf: Stíll 04041

Dætur Jarfa eru góðar mjólkurkýr þar sem mjólkurmagn og hlutföll verðefna í mjólk liggja um meðallag. Þetta eru fremur smáar kýr og háfættar, bolgrunnar og útlögulitlar með sterka yfirlínu. Malirnar eru grannar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg en aðeins þröng. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurband mjög áberandi, festa mjög mikil og þau frábærlega vel borin. Spenar eru frekar stuttir og grannir en mjög vel settir. Mjaltir eru mjög góðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er ákaflega gott og skapgallaðir gripir vandfundnir í hópnum. Mikill meirihluti afkvæma Jarfa er tvílitur þar sem mest ber á skjöldóttum lit. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Jarfi gefi hyrnd afkvæmi.

Jarfi verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Búri 16017 frá Hvanneyri, Andakíl.

F: Blámi 07058, m: Snúra 1569, mf: Úranus 10081

Dætur Búra eru mjólkurlagnar kýr með fituhlutfall í mjólk í meðallagi en próteinhlutfall er hátt. Þetta eru stórar og háfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru mjög breiðar, beinar og þaklaga. Fótstaða er sterkleg en nokkuð þröng. Júgurgerðin er slök, júgurband

ógreinilegt, festa lítil og þau djúpt borin. Spenar eru frekar stuttir og þykkir en vel settir. Mjaltir eru undir meðallagi þó ekki beri á mjaltagöllum. Skap þessara kúa er meðalgott og þær koma prýðilega út í gæðaröð. Um helmingur afkvæma Búra er tvílitur þar sem mest ber á krossóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Búra geta komið hyrndir gripir.

Búri verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Skírnir 16018 frá Miðfelli 5, Hrunamannahreppi.

F: Gustur 09003, m: Mána 384, mf: Síríus 02032

Dætur Skírnis eru góðar mjólkurkúr og hlutföll verðefna í mjólk eru há. Þetta eru meðalstórar og háfættar kúr, frekar bolgrunnar og útlögulitlar með sterka yfirlínu. Malirnar eru grannar, aðeins hallandi og eilítið þaklaga. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er góð, júgurband nokkuð áberandi, festa góð og þau vel borin. Spenar eru hæfilega langir og þykkir og vel settir. Mjaltir eru mjög góðar og mjaltagallar afar fátíðir. Skap þessara kúa er mjög gott og skapgallaðir gripir mjög fáir í hópnum. Um helmingur afkvæma Skírnis er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Skírni geta komið hyrndir gripir.

Skírnir verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Róður 16019 frá Stóra-Dunhaga, Hörgárdal.

F: Keipur 07054, m: Þruma 451, mf: Lykill 02003

Dætur Róðurs eru góðar mjólkurkúr og hlutföll verðefna í mjólk eru há, sérstaklega hlutfall próteins. Þetta eru frekar stórar og háfættar kúr, nokkuð boldjúpar og útlögumiklar með sterka yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og nokkuð flatar. Fótstaða er mjög sterkleg og gleið. Júgurgerðin er góð, júgurband nokkuð áberandi, festa í meðallagi og þau mjög vel borin. Spenar eru stuttir, eilítið grannir en vel settir. Mjaltir eru meðalgóðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er mjög gott og skapgallaðir gripir fáir í hópnum. Tæplega helmingur afkvæma Róðurs er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir litir langalgengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Róðri geta komið hyrndir gripir.

Róður verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Gaddur 16022 frá Klauf, Eyjafirði.

F: Gustur 09003, m: Skíma 845, mf: Flói 02029

Dætur Gadds eru meðalkúr hvað mjólkurafköst snertir og efnahlutföll í mjólk eru um eða rétt yfir meðallagi. Þetta eru fremur smáar og nokkuð lágfættar kúr, bolgrunnar og útlögulitlar með sterka yfirlínu. Malirnar eru grannar, hallandi og fremur flatar. Fótstaða er sterkleg en þröng. Júgurgerðin er slök, júgurfesta lítil, júgurband ógreinilegt og júgrin djúpt borin. Spenar eru aðeins langir og grannir en vel settir. Mjaltir eru slakar og nokkuð ber á seinum mjöltum. Skapið er í góðu meðallagi en þessar kúr koma illa út í gæðaröð. Innan við helmingur afkvæma Gadds er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir og kolóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Gaddi geta komið hyrndir gripir.

Gaddur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Mímir 16023 frá Hvanneyri, Andakíl.

F: Keipur 07054, m: Lilja 1575, mf: Úranus 10081

Dætur Mímis eru mjólkurlagnar kýr og hlutfall fitu í mjólk er í góðu meðallagi en próteinhlutfall neðan þess. Þetta eru frekar stórar kýr, í meðallagi háfættar, boldjúpar með meðalútlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru fremur breiðar, beinar og nokkuð flatar. Fótstaða er mjög sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerðin er afleit, júgurband grinilegt en júgurfasta mjög lítil og kýrnar júgursíðar. Spenar hæfilegir að lengd og þykkt en gleitt settir. Mjaltir eru í meðallagi þó nokkuð beri á mismjöltum. Skap þessara kúa er í meðallagi þó fyrir komi skapgallaðir gripir og í gæðaröð koma kýrnar allvel út. Ríflega þriðjungur afkvæma Mímis er tvílitur þar sem huppóttur litur er sýnu algengastur. Af grunnlitum ber mest á rauðum og kolóttum litum þó allir litir komi fyrir. Undan Mími geta komið hyrndir gripir.

Mímir verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Dalur 16025 frá Dalbæ, Flóa.

F: Bambi 08049, m: Aðalbjörg 510, mf: Aðall 02039

Dætur Dals eru góðar mjólkurkýr og hlutföll verðefna í mjólk eru um meðallag. Þetta eru meðalstórar og í meðallagi háfættar kýr með boldýpt og útlögur í meðallagi en yfirlína er nokkuð bein. Malirnar eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er hokin og meðalgleið. Júgurgerðin er góð, júgurband mjög áberandi, festa í meðallagi og nokkuð vel borin. Spenar eru stuttir, þykkir og vel settir. Mjaltir eru mjög góðar og lítið um mjaltagalla. Skap þessara kúa er mjög gott og skapgallaðir gripir fáir í hópnum. Meirihluti afkvæma Dals er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum lit. Af grunnlitum eru bröndóttir litir langalgengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Dal geta komið hyrndir gripir.

Dalur verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Kári 16026 frá Káranesi, Kjós.

F: Gustur 09003, m: Óreiða 312, mf: Sandur 07014

Dætur Kára eru tæplega meðalkýr hvað mjólkurmagn snertir en hlutföll verðefna í mjólk eru í góðu meðallagi. Þetta eru fremur smáar og í meðallagi háfættar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með veika yfirlínu. Malirnar eru grannar, beinar og nokkuð þaklaga. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er frábær, júgurband mjög áberandi, festan með því besta sem gerist og þau geysilega vel borin. Spenar eru frekar stuttir, hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir eru mjög góðar og lítið um mjaltagalla. Skap þessara kúa er mjög gott og skapgallaðir gripir fáir í hópnum. Töluverður meirihluti afkvæma Kára er tvílitur þar sem mest ber á skjöldóttum lit. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Kára geta komið hyrndir gripir.

Kári verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Höttur 16028 frá Egilsstöðum Völlum.

F: Flekkur 08029, m: Fræva 978, mf: Glæðir 02001

Dætur Hattar eru góðar mjólkurkýr og hlutfall fitu í mjólk er um meðallag og hlutfall próteins hátt. Þetta eru fremur smáar og lágfættar kýr en boldýpt og útlögur í meðallagi en yfirlína veik. Malirnar eru fremur grannar, beinar og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og mjög gleið. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurband áberandi, festan gríðarmikil og þau ákaflega vel borin. Spenar eru frekar stuttir, grannir og

vel settir. Mjaltir eru frekar góðar og lítið um mjaltagalla. Skap þessara kúa er undir meðallagi þó ekki beri á skapgölluðum gripum. Töluverður meirihluti afkvæma Hattar er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru bröndóttir litir langalgengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Höttur gefi hyrnd afkvæmi.

Höttur verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Skór 16030 frá Kjaransstöðum, Hvalfjarðarsveit.

F: Bambi 08049, m: Lilja 389, mf: Alfons 02008

Dætur Skós eru ekki getukýr varðandi mjólkurafköst en hlutföll verðefna í mjólk eru há. Þetta eru meðalkýr að stærð, í meðallagi háfættar, boldjúpar og útlögumiklar með beina yfirlínu. Malirnar eru frekar grannar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerðin er undir meðallagi, júgurfasta fremur lítil, júgurband meðalgott og júgrin djúpt borin. Spenar eru stuttir, aðeins grannir og allvel settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi og fyrir koma seinar mjaltir. Skap þessara kúa er nærri meðallagi en þær koma frekar illa út í gæðaröðun. Um helmingur afkvæma Skós er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru bröndóttir og kolóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Skór gefi hyrnd afkvæmi.

Skór verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Fídel 16031 frá Káranesi, Kjós.

F: Bambi 08049, m: Havana 562, mf: Vindill 05028

Dætur Fídels eru í meðallagi mjólkurlagnar kýr með há hlutföll verðefna í mjólk. Þetta eru meðalkýr að stærð, meðalháfættar, frekar bolgrunnar og útlögulitlar með nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaðan er bein og gleið. Júgurgerðin er frekar slök, lítil júgurfasta, greinilegt júgurband og júgrin djúpt borin. Spenar hæfilegir hvað lengd og þykkt varðar en mjög gleitt settir. Mjaltir eru góðar og lítið um mjaltagalla. Skap þessara kúa mjög gott og útkoma kúnna í gæðaröðun er mjög góð. Ríflega helmingur afkvæma Fídels er einlitur og ber þar mest á kolóttum litum þó allir litir nema gráir komi fyrir. Af tvílitum eru huppóttur og skjöldóttur algengastir. Undan Fídel geta komið hyrindir gripir.

Fídel verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Jónki 16036 frá Stóra-Dunhaga, Hörgárdal.

F: Góí 08037, m: Ingveldur 501, mf: Flói 02029

Dætur Jónka eru miklar mjólkurkýr og hlutfall fitu í mjólk er yfir meðallagi og hlutfall próteins um meðallag. Þetta eru meðalstórar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með steka yfirlínu og í góðu meðallagi háfættar. Malirnar eru grannar, nokkuð beinar og þaklaga. Fótstaða er aðeins hokin en nokkuð gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurband mjög áberandi en skrotir á festu og júgrin tæpast nógu vel borin. Spenar eru frekar stuttir, hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir eru góðar og mismjaltir koma fyrir. Skap þessara kúa er undir meðallagi og aðeins ber á skapgölluðum gripum. Mjög mikill meirihluti afkvæma Jónka er einlitur þar sem rauðir litir eru algengastir grunnlita þó allir litir komi fyrir. Af tvílitum ber mest á huppóttum og skjöldóttum litum. Undan Jónka geta komið hyrindir gripir.

Jónki verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Glymur 16037 frá Ytri-Tungu 1A, Tjörnesi.

F: Dynjandi 06024, m: Bleikja 383, mf: Mörsugur 10097

Mjólkurlagni dætra Glyms er undir meðallagi en hlutfall verðefna í mjólk er hátt. Þetta eru frekar smáar og meðalháfættar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og fremur flatar. Fótstaðan er bein og sterkleg en þröng. Júgurgerðin er góð, júgurfasta mikil, júgrin allvel borin en júgurband fremur ógreinilegt. Spenar eru hæfilega langir en grannir og ágætlega settir. Mjaltir eru í meðallagi en mjaltagallar ekki áberandi. Skapið er undir meðallagi og kýrnar koma þokkalega út í gæðaröðun. Tæplega helmingur afkvæma Glyms er tvílitur og þar ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir mest áberandi þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Glymur gefi hyrnd afkvæmi.

Glymur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Númi 16038 frá Gaulverjabæ, Flóa.

F: Gustur 09003, m: Héla 284, mf: Pollur 99008

Dætur Núma eru meðalmjólkurkýr þar sem hlutfall fitu í mjólk er undir meðallagi en hlutfall próteins heldur yfir meðallagi. Þetta eru fremur smáar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með nokkuð beina yfirlínu og í góðu meðallagi háfættar. Malirnar eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurband mjög áberandi, festa mikil og júgrin gríðarvel borin. Spenar eru mjög stuttir og grannir en vel settir. Mjaltir eru góðar og fyrir koma lekar kýr. Skap þessara kúa er gott og skapgallaðir gripir fátíðir. Minnihluti afkvæma Núma er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum lit. Af grunnlitum er svartur litur algengastur þó allir litir komi fyrir. Undan Núma geta komið hyrndir gripir.

Númi verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Barmur 16039 frá Stóru-Sandvík, Flóa.

F: Keipur 07054, m: 725, mf: Lúður 10067

Dætur Barms eru stritlur en hlutföll verðefna í mjólk er í góðu meðallagi. Þetta eru smáar og lágfættar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með sterka yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, nokkuð beinar og þaklaga. Fótstaða er frekar bein og nokkuð gleið. Júgurgerðin er góð, mikil júgurfasta og júgrin vel borin en júgurband ekki sérlega áberandi. Spenar eru hæfilegir að lengd, grannir og mjög gleitt settir. Mjaltir eru fremur slakar og fyrir koma seinar mjaltir. Skap þessara kúa er í meðallagi, skapgallar eru fátíðir en útkoma í gæðaröðun slök. Tæplega helmingur afkvæma Barms er einlitur þar sem mest ber á rauðum og bröndóttum litum þó allir litir nema gráir komi fyrir. Af tvílitum er huppóttur algengastur. Ekki er þekkt að Barmur gefi hyrnd afkvæmi.

Barmur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Fóstri 16040 frá Helluvaði, Rangárvöllum.

F: Bolti 09021, m: Hosa 754, mf: Kambur 06022

Dætur Fóstra eru meðalkýr að afurðagetu, bæði hvað varðar magn og efnahlutföll í mjólk. Þetta eru frekar stórar og háfættar kýr, í meðallagi boldjúpar og með meðalútlögur og nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og frekar flatar. Fótstaða er sterkleg, bein og gleið. Júgurgerðin er góð, meðalgóð júgurfasta og vel borin júgur með áberandi júgurband. Spenar eru hæfilega langir, frekar

þykkir en gleitt settir. Mjaltir eru góðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er meðalgott en ekki er mikið um skapgallaða gripi. Í gæðaröðun koma kýrnar þokkalega út. Töluverður afkvæma Fóstra er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum koma kolottir litir oftast fyrir þó allir litir nema gráir finnast. Undan Fóstra geta komið hyrndir gripir.

Fóstri verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Spakur 16042 frá Reykjum, Skeiðum.

F: Gustur 09003, m: Hekla 1048, mf: Sirkus 10001

Dætur Spaks eru undir meðallagi hvað mjólkurafköst varðar en hlutfall fitu í mjólk er hátt og hlutfall próteins yfir meðallagi. Þetta eru fremur smáar og lágfættar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru grannar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er mjög sterkleg og gleið. Júgurgerðin er slök, júgurband ógreinilegt, festa lítil og kýrnar júgursíðar. Spenar eru fremur langir, þykkir og gleitt settir. Mjaltir eru undir meðallagi og nokkuð ber á seinum mjöltum og mismjöltum. Skap þessara kúa er vart nógu gott og þær koma illa út í gæðaröðun. Töluverður meirihluti afkvæma Spaks er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru bröndóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Spakur gefi hyrnd afkvæmi.

Spakur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Boggi 16043 frá Minni-Ökrum, Blönduhlíð.

F: Gustur 09003, m: Lýdía 087, mf: Strákur 10011

Dætur Mikka eru í meðallagi mjólkurlagnar en hlutföll verðefna í mjólk eru undir meðallagi. Þetta eru fremur smáar kýr og í meðallagi háfættar, mjög bolgrunnar og útlögulitlar en með sterka yfirlínu. Malirnar eru grannar, hallandi og fremur flatar. Fótstaða er sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerðin er undir meðallagi, júgurband nokkuð áberandi en festa lítil og þau djúpt borin. Spenar eru hæfilegir að lengd, aðeins grannir en nokkuð vel settir. Mjaltir eru meðalgóðar og lítið er um mjaltagalla. Skap þessara kúa er mjög gott, lítið um skapgallaða gripi og útkoma í gæðaröðun allgóð. Rúmur meirihluti afkvæma Bogga er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Boggi gefi hyrnd afkvæmi.

Boggi verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Kópur 16049 frá Syðri-Hofdölum, Viðvíkursveit.

F: Keipur 07054, m: Solvei 650, mf: Aðall 02039

Dætur Kóps hafa há efnahlutföll í mjólk og afkastageta þeirra er mikil. Þetta eru stórar og frekar háfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru mjög breiðar, aðeins hallandi og fremur flatar. Fótstaða er sterkleg og frekar gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, meðalfesta, áberandi júgurband en júgrin vart nógu vel borin. Spenar eru hæfilegir að lengd og þykkt en mjög gleitt settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og lítið um mjaltagalla. Skap er aðeins undir meðallagi og aðeins ber á skapgöllum. Í gæðaröðun koma kýrnar nokkuð vel út. Mikill meirihluti afkvæma Kóps er einlitur þar sem mest ber á böndóttum grunnlitum þó allir litir nema gráir komi fyrir. Af tvílitum eru krossóttur og huppóttur algengastir. Undan Kóp geta komið hyrndir gripir.

Kópur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Fláki 16051 frá Espihóli, Eyjafirði.

F: Þytur 09078, m: 891, mf: Koli 06003

Dætur Fláka eru miklar mjólkurkýr en hlutfall verðefna í mjólk er lágt. Þetta eru fremur smáar kýr og lágfættar, bolgrunnar með litlar útlögur en nokkuð sterka yfirlínu. Malirnar eru grannar, nokkuð beinar og fremur flatar. Fótstaða er sterkleg en aðeins þröng. Júgurgerðin er í tæpu meðallagi, júgurband mjög áberandi en festa lítil og júgrin djúpt borin. Spenar eru hæfilegir að stærð en heldur gleitt settir. Mjaltir eru fremur góðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er heldur mikið og fyrir koma skapgallaðir gripir. Í gæðaröðun koma þessar kýr frekar vel út. Mjög stór meirihluti afkvæma Fláka er einlitur þar sem rauðir litir eru algengastir grunnlita þó allir litir komi fyrir. Af tvílítum eru huppóttur og skjöldóttur einna algengastir. Ekki er þekkt að Fláki gefi hyrnd afkvæmi.

Fláki verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Mosi 16054 frá Stóru-Tjörnum, Ljósavatnsskarði.

F: Bolti 09021, m: Ára 477, mf: Ári 04043

Dætur Mosa eru tæplega meðalkýr hvað mjólkurmagn snertir en hlutföll verðefna í mjólk eru yfir meðallagi. Þetta eru stórar og háfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og flatar. Fótstaða er nokkuð sterkleg og gleið. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurband áberandi, festa mikil og þau vel borin. Spenar eru hæfilega langir, aðeins þykkir og vel settir. Mjaltir eru meðalgóðar og aðeins ber á seinmjólka og mismjalta kúm. Skap þessara kúa er undir meðallagi og fyrir koma skapgallaðir gripir. Í gæðaröðun koma þessar kýr nokkuð vel út. Rúmlega helmingur afkvæma Mosa er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlítum eru rauðir og kolóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Ekki er þekkt að Mosi gefi hyrnd afkvæmi.

Mosi verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Herkir 16069 frá Espihóli, Eyjafirði.

F: Gustur 09003, m: 909, mf: Baldi 06010

Dætur Herkis eru góðar mjólkurkýr með verðefnahlutföll í mjólk yfir meðallagi. Þetta eru fremur stórar kýr, boldjúpar og útlögugóðar með nokkuð beina yfirlínu og í góðu meðallagi háfættar. Malirnar eru nokkuð grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er góð, festa mikil og júgrin vel borin en júgurband ekki áberandi. Spenar eru hæfilegir hvað lengd og þykkt varðar og vel settir. Mjaltir eru í meðallagi og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er mjög gott og skapgallaðir gripir fáséðir. Meirihluti afkvæma Herkis er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlítum eru rauðir og kolóttir algengastir þó allir litir komi fyrir. Ekki er þekkt að Herkir gefi hyrnd afkvæmi.

Herkir verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Gáski 16074 frá Berustöðum, Ásahreppi.

F: Gustur 09033, m: Lykkja 703, mf: Koli 06003

Dætur Gáska er miklar mjólkurkýr en hlutföll verðefna í mjólk liggja aðeins undir meðallagi. Þetta eru í góðu meðallagi háfættar og meðalstórar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með frekar veika yfirlínu. Malirnar eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er frekar slök,

júgurband ekki áberandi, júgurfasta meðalgóð og júgrin meðalvel borin. Spenar eru hæfilegir að lengd, aðeins þykkir og eilítið gleitt settir. Mjaltir eru góðar og lítið um mjaltagalla. Skap þessara kúa er í góðu meðallagi og lítið um skapgallaða gripi. Meirihluti afkvæma Gáska er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Gáska geta komið hyrndir gripir.

Gáski verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.